

ÁSLANDSSKÓLI OG REIÐHJÓL

Umferðarfræðsla í grunnskólum ber mestan árangur þar sem gott samstarf við heimili nemenda næst. Hlutverk heimilanna í umferðarfræðslu og forvörnum er mikilvægt því þar er mótunin sterkust.

Við hvetjum ykkur til að nýta góða veðrið og ganga eða hjóla í skólann með börnunum ykkar svo fækka megi bílum sem aka að skólanum á morgnana. Að vera börnum sínum góð fyrirmynd í umferðinni er öflugasta fræðslan ásamt því að kenna þeim um lög og reglur sem eru í gildi.

Gæta þarf að því að öryggisbúnaður þeirra sé í lagi sem og notkun reiðhjólahlálma. Á þessari síðu er hægt að skoða fræðslumyndbönd um hjólreiðar

<http://www.samgongustofa.is/umferd/fraedsla-og-oryggi/fraedsla/reidhjol/> og í þessum ágæta bæklingi er m.a. hægt að fræðast um atriði sem hafa ber í huga varðandi hjólreiðahlálma <https://www.landsbjorg.is/assets/myndir/umferd/us-hjalmar%20baeklingur%20lok%202006.pdf>.

Reiðhjólareglur Áslandsskóla

1. Nemendur sem náð hafa 7 ára aldri mega koma á hjóli í Áslandsskóla, því samkvæmt 40. grein umferðarlaga mega börn yngri en 7 ára ekki vera hjólandi í umferðinni nema í fylgd með 15 ára og eldri. Nemandi sem kemur á hjóli gerir það á áhættu og ábyrgð foreldra/forráðamanna sem skulu meta færni og getu nemandans sem og aðstæður til að hjóla í skólann. Óleyfilegt er með öllu að koma á reiðhjóli í Áslandsskóla nema að nota viðeigandi öryggisbúnað.
2. Ekki má nota reiðhjól í frímínútum eða meðan á skólastarfi og starf Tröllaheima er í gangi. Það getur leitt til slysa nemenda sem eru að leik á skólalóðinni. Því er hjólaumferð ekki leyfð á skólalóð frá kl. 8:00-16:00.
3. Þegar komið er á hjóli í skólann á að geyma hjól læst í eða við hjólagrindur. Skólinn ber enga ábyrgð á hjólum. Ef hjól týnist, skemmist eða annað slíkt er ekki hægt að óska eftir skoðun atvika í öryggismyndavélaupptökum. Þjófnað eða skemmdarverk getur viðkomandi kært til lögreglu.
4. Reiðhjól má ekki nota á milli íþróttahúsa/sundlauga og skóla á skólatíma.

Leifur S. Garðarsson

Skólastjóri Áslandsskóla